



7. desember 2022

Tilv.: 2211122

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, 415. mál.

Með tölvupósti, dags. 18. nóvember sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Með frumvarpinu er lögð til innleiðing í íslenskan rétt á annars vegar reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR) og hins vegar á reglugerð (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Taxonomy).

Seðlabankinn styður framgöngu frumvarpsins en telur rétt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdir við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

1. gr. frumvarpsins.

Seðlabankinn telur, með vísan til samfélagslegs ávinnings sem frumvarpinu er ætlað að hafa, einkum m.t.t. sjónarmiða um vaxandi kröfur um sjálfbærni, aukna neytendavernd og samkeppnislegra sjónarmiða, að æskilegt sé að farin verði sambærileg leið og önnur aðildarríki, á borð við Noreg, Svíþjóð og Írland, hafa valið að fara við innleiðingu gerðanna og nýta heimild 2. mgr. 17. gr. SFDR til að útvíkka gildissvið löggjafarinnar til váttryggingamiðlara sem veita ráðgjöf vegna váttryggingatengdra fjárfestingarafurða og til verðbréfafyrtækja sem veita ráðgjöf og hafa færri starfsmenn en þrjá.

Að mati Seðlabankans verður ekki séð að þær skyldur sem löggjöfin felur í sér séu það íþyngjandi að það réttlæti að fyrrgreindir aðilar þurfi ekki að uppfylla þær. Þá styðji jafnræðissjónarmið að löggjöfin nái til framangreindra aðila.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is

Að því er varðar umfjöllun í 6. tölul. inngangsorða SFDR varðandi undanþáguna og rökstuðning þar fyrir því að hún geti talist óþörf bendir Seðlabankinn á að skyldur samkvæmt SFDR taka til annarra atriða en þeirra sem innleiddar eru með lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID II) og lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og lögum um dreifingu váttrygginga 62/2019 (IDD). Því telur Seðlabankinn mikilvægt að undanþágan verði innleidd og skyldur til að upplýsa fjárfesta samkvæmt SFDR láttnar taka til minni aðila. Samræming á kröfum til aðila á fjármálamarkaði stuðlar ennfremur að því að standa vörð um trúverðugleika við fjármálaeftirlit og á fjármálamarkaði almennt og styður við markmið EES-samningsins um að mynda einsleitt evrópskt efnahagssvæði sem grundvallast á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum.

3. gr. frumvarpsins.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Seðlabanki Íslands fari með hlutverk lögbærs yfirvalds í skilningi SFDR og Taxonomy og að fjármálaeftirliti bankans verði falið að sinna verkefnum lögbærs yfirvalds samkvæmt ákvæðum laganna og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Af athugasemdum við 3. gr. sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu verður aftur á móti ráðið að ársreikningaskrá verði falið að sinna eftirliti með upplýsingagjöf þeirra aðila sem falla undir 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins, sbr. 1. tölul. 11. gr. frumvarpsins og 94. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Seðlabankinn telur mikilvægt að skýrar verði kveðið á um skilin á milli eftirlitshlutverks Seðlabankans annars vegar og ársreikningaskrár hins vegar, sér í lagi hvað varðar til hvaða aðila eftirlit hvorrar stofnunar fyrir sig er ætlað að ná til. Skýrt þyrfti að koma fram í lagatextanum að eftirliti fjármálaeftirlitsins sé einungis ætlað að ná til þeirra aðila sem falla undir 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins og þeirra aðila sem taldir eru upp í b.-d. lið 9. tölul. 2. gr. laga um ársreikninga, en ekki til annarra aðila sem falla undir 66. gr. d. laga um ársreikninga.

5. gr. frumvarpsins.

Í 5. gr. frumvarpsins eru taldar upp þær greinar í Taxonomy sem sekta má fyrir brot á. Þær kröfur taka samkvæmt gerðinni einungis til þeirra aðila sem tilgreindir eru í 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins. Að mati Seðlabankans er æskilegt að skýrar komi fram í lagatextanum að sektarheimildunum sé einungis ætlað að ná til aðila sem falla undir 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn leggur því til að 1. málslíður 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins verði orðaður með eftirfarandi hætti:

„Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á aðila sem falla undir 1. tölul. 1. gr. brjóti þeir gegn eftirfarandi ákvæðum reglugerðar (ESB) 2020/852: [...]“

Almennt um sjálfbærni á fjármálamarkaði.

Að lokum telur Seðlabankinn æskilegt að innleidd verði fyllri ákvæði í regluverk á fjármálamarkaði, t.d. varðandi lífeyrissjóðina, sem mæli fyrir um skyldu til að framkvæma áhættumat og taka tillit til skaðlegra áhrifa á sjálfbærni við fjárfestingarákvarðanir. Slík ákvæði um frumskylduna til að taka tillit til sjálfbærnissjónarmiða þekkjast í annarri sérlöggjöf á fjármálamarkaði og eru til þess fallin að styðja við þær skyldur sem frumvarpið kemur til með að leggja á eftirlitsskylda aðila um að birta upplýsingar um það hvernig matið var framkvæmt við töku slíkra ákvarðana.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Unnur Gunnarsdóttir
varaseðlabankastjóri
fjármálaeftirlit

Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir